

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 3/2021

frá 5. febrúar 2021

um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/687 frá 17. desember 2019 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um forvarnir og varnir gegn tilteknum skráðum sjúkdómum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692 frá 30. janúar 2020 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um komu sendinga af tilteknum dýrum, kímefni og afurðum úr dýraríkinu inn í Sambandið og um tilflutning þeirra og meðhöndlun eftir komu ⁽²⁾.
- 3) Framseld reglugerð (ESB) 2020/687 fellir úr gildi, frá 21. apríl 2021, tilskipanir framkvæmdastjórnarinnar 92/66/EBE ⁽³⁾, 2001/89/EB ⁽⁴⁾, 2003/85/EB ⁽⁵⁾ og 2005/94/EB ⁽⁶⁾, sem hafa verið teknar upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðirnar brott úr samningnum frá 21. apríl 2021.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki eiga við um Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og kveðið er á um í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki við um Liechtenstein.
- 5) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 64.

⁽²⁾ Stjttíð. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 379.

⁽³⁾ Stjttíð. ESB L 260, 5.9.1992, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjttíð. ESB L 316, 1.12.2001, bls. 5.

⁽⁵⁾ Stjttíð. ESB L 306, 22.11.2003, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjttíð. ESB L 10, 14.1.2006, bls. 16.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 13d (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/999) í hluta 1.1:

„13e. **32020 R 0687**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/687 frá 17. desember 2019 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um forvarnir og varnir gegn tilteknum skráðum sjúkdómum (Stjtið. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 64).

Ákvæði þessarar gerðar gilda gagnvart Íslandi á þeim sviðum sem vísað er til í 2. mgr. inngangsorðanna.

- 13f. **32020 R 0692**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692 frá 30. janúar 2020 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um komu sendinga af tilteknum dýrum, kímefni og afurðum úr dýraríkinu inn í Sambandið og um tilflutning þeirra og meðhöndlun eftir komu (Stjtið. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 379).

Ákvæði þessarar gerðar gilda gagnvart Íslandi á þeim sviðum sem vísað er til í 2. mgr. inngangsorðanna.“

2. Texti liðar 1a (tilskipun ráðsins 2003/85/EB), 3. liðar (tilskipun ráðsins 2001/89/EB), liðar 5a (tilskipun ráðsins 2005/94/EB) og 6. liðar (tilskipun ráðsins 92/66/EBE) í hluta 3.1, fellur brott frá 21. apríl 2021.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldra reglugerða (ESB) 2020/687 og (ESB) 2020/692, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 179/2020 frá 11. desember 2020 (⁷), eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(⁷) Verður birt.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING